

Umfang og starfsemi

Stefnan fjallar um hvernig stofnunin heldur utan um og eflir þann mannauð sem hjá henni starfar. Til að stofnunin geti sinnt sínu hlutverki er mikilvægt að starfsfólk hennar búi yfir þekkingu og hæfni til að sinna sérhæfðum störfum sem og getu og vilja til að laga sig að flóknu starfsumhverfi og gildum stofnunarinnar sem eru fagmennska, gagnsæi og traust.

Mikilvægasta auðlind Matvælastofnunar er starfsfólkið. Það er markmið Matvælastofnunar að vera eftirsóknarverður vinnustaður með því að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk, efla það og styðja til þess að það sé fært að takast á við þær kröfur sem gerðar eru til þess í samræmi við þróunar í samfélaginu. Matvælastofnun leggur áherslu á gæði, metnað í starfi, starfsánægju, gott starfsumhverfi, trúnað og traust. Matvælastofnun leggur einnig áherslu á að starfsfólk veiti faglega og markvissa þjónustu og uppfylli þær skyldur og hlutverk sem lög um Matvælastofnun segja til um.

Lög sem varða stefnuna eru m.a.

- Lög um Matvælastofnun 30/2018
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 70/1996
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna 150/2020
- Stjórnarsýslulög nr. 37/1993

Stöðumat og helstu áskoranir

Hjá stofnuninni starfar hæft og vel menntað fólk. Sérfræðingar stofnunarinnar eru leiðandi í málaflokkum stofnunarinnar sem eru oft á tíðum viðkvæmir í meðhöndlun og krefjandi í afgreiðslu.

Helstu áskoranir eru krefjandi starfsumhverfi ásamt umfangi og sérhæfni málaflokka stofnunarinnar.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að vera framúrskarandi og fjölskylduvænn vinnustaður með framúrskarandi starfsfólki sem hefur tækifæri til að gera sitt besta á hverjum degi. Eins er stefna Matvælastofnunar að greiða samkeppnishæf laun.

Meginmarkmið Matvælastofnunar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður með því að skapa starfsumhverfi sem styður við persónulegan vöxt, faglegt starf og velferð starfsfólks. Áhersla er lögð á sjálfstæði í starfi ásamt faglegum stuðning, góðu starfsumhverfi sem og virkri símenntun og starfsþróun. Áhersla er lögð á að stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu.

Markmið

Auka starfsánægju og helgun:

- Að skapa skilyrði fyrir því að starfsfólk sé ánægt í starfi, viti til hvers er ætlast af því og hafi þannig forsendur til að hafa jákvæð áhrif á frammistöðu sína sem og starfsþróun. Skapa skilyrði fyrir því að starfsfólk sé stolt af vinnustað sínum og séu tilbúnir til að mæla með honum við aðra.

Auka hæfni og þekkingu:

- Að starfsfólk Matvælastofnunar hafi frumkvæði að breytingum ásamt getu og vilja til að laga sig að sífellt flóknara starfsumhverfi. Jafnframt að starfsfólk hafi tækifæri til að eflast og þróast í starfi.

Sterkari liðsheild og jákvæð vinnustaðamenning:

- Að stuðla að opnum og gagnsæjum samskiptum þar sem allir hafa tækifæri til að tjá sig, koma með nýjar hugmyndir og vera hluti af ákvarðanatökum. Jafnframt að efla vinnustaðarmenningu Matvælastofnunar sem byggir á virðingu, samvinnu, ábyrgð og virkri nýsköpun.